



Nefndasvið Alþingis
Bt. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á stjórnáslulögum, nr. 37/1993 (ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins), mál nr. 787 á 154. löggjafarþingi

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð Íslands (samtökin) þakka fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum við ofangreint mál. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnáslulögum sem fela í sér heimildir sjálfstæðra stjórnáslunefnda til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins.

Með fyrirhuguðum breytingum bætist við ný grein 30. gr. a. (Ráðgefandi álit EFTA - dómstólsins) sem heimilar stjórnáslunefndum að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringar á EES-samningnum. Ákvörðun skal vera í formi úrskurðar og gefa skal aðilum kost á að tjá sig áður en úrskurður þess efnis er kveðinn upp. Sé óskað eftir ráðgefandi álitum rofnar lögmaletur afgreiðslufrestur máls þar til dómur um ráðgefandi álit hefur verið kveðinn upp.

EFTA-dómstóllinn hefur túlkað 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls þannig að sjálfstæðum stjórnáslunefndum sé heimilt að leita ráðgefandi álits dómstólsins en túlkun á heimild sjálfstæðra stjórnáslunefnda til að afla ráðgefandi álits hér á landi er ekki einhlít. Að mati samtakanna felur breytingin í sér ákveðna réttarbót og staðfestingu á túlkun EFTA-dómstólsins sem leysir þar með úr réttaróvissu sem hefur ríkt um þetta atriði.

Að mati samtakanna er veruleg hættu á því að málsmeðferðartími stjórnvalda lengist umtalsvert með tilkomu þessarar heimildar. Gert er ráð fyrir því að við undirbúning úrskurðar gildi málsmeðferðarreglur stjórnáslulaga þannig að málsaðilum sé heimilt að tjá sig áður en úrskurður er kveðinn upp. Brotalamir eru á málshraða stjórnvalda nú þegar og mikilvægt að gerðar séu úrbætur þannig að 7. gr. stjórnáslulaga sé uppfyllt. Að því leyti hafa samtökin áhyggjur af fyrirhugaðri lagabreytingu. Málshraði er öllum málsaðilum mikilvægur en langur málsmeðferðartími hjá tilteknum úrskurðarnefndum getur beinlínis valdið tjóni aðila, sbr. t.d. hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Í því ljósi þarf að vera tryggt að ríkar kröfur gildi um öflun ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins, að stjórnáslunefndir gæti varfærni við mat á því hvort leitað verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins og að það verði jafnan aðeins gert í flóknum málum og þegar brýn ástæða þyki til. Kröfur um skipan nefndarmanna þurfa jafnframt að taka mið af þessu.

Fyrirliggjandi frumvarp tekur ekki á kostnaði aðila vegna málsmeðferðar við öflun ráðgefandi álits. Meginreglan við meðferð stjórnáslumála er sú að aðilar beri kostnað sinn sjálfir og einungis í undantekningartilvikum hefur stjórnáslunefnd lagaheimild til þess að úrskurða um málskostnað. Fyrirséð er að aðilar geti borið umtalsverðan kostnað af því að leitað sé ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ráðgefandi álit sé aðila máls að kostnaðarlausu en hann geti þurft að bera ákveðinn kostnað sjálfur, svo sem ef hann telur sig þurfa lögmannsaðstoð eða vill flytja mál sitt munnlega fyrir dómstólum. Þó vissulega sé hægt að fallast á það að aðili hafi fullt forræði á því hversu mikið hann lætur



öflun ráðgefandi álits til sín taka og honum sé ekki skylt að leita aðstoðar lögmanns eða flytja mál sitt munnlega fyrir dómstólnum er ljóst að allar líkur eru á því að slíkt sé nauðsynlegt svo réttaröryggi aðila sé tryggt og muni því hafa í för með sér talsverðan kostnað. Samtökin telja því nauðsynlegt að kveðið verði á um kostnað með skýrum hætti í frumvarpinu.

Frumvarpið getur eðli máls samkvæmt leitt til þess að sjálfstæðar stjórnisýslunefndir leiti í auknum mæli ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins, með tilheyrandi kostnaði fyrir aðila máls. Því hvetja samtökin stjórnvöld til að meta áhrif breytinganna þegar fram líða stundir og ef reynslan sýnir að heimildin leiði til mikilla tafa á málsmeðferðartíma og aukins kostnaðar sé nauðsynlegt að marka heimildinni skýrari ramma.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir

f.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björk Guðmundsdóttir

f.h. Viðskiptaráðs Íslands

María Guðjónsdóttir